

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2009

frá 25. september 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/68/EB falla úr gildi tilskipanir ráðsins 94/55/EB ⁽³⁾, 96/49/EB ⁽⁴⁾ og 96/35/EB ⁽⁵⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/18/EB ⁽⁶⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/18/EB):

„13c. **32008 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB):

„– **32008 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 (Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).“
3. Brott falli allur texti liðanna 13a (tilskipun ráðsins 96/35/EB), 13b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/18/EB), 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB) og 42b (tilskipun ráðsins 96/49/EB).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 145, 19.6.1996, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 118, 19.5.2000, bls. 41.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/68/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.